



Saman gegn ofbeldi

Tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar í Reykjavík vegna heimilisofbeldis

Upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu á nú einnig fulltrúa í stýrihópi verkefnisins.

Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð og vinna lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt. Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotapolu á staðnum. Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu.

Eftirfarandi tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis eru annars vegar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

[Tölulegar upplýsingar frá upphafi verkefnisins er að finna á vef borgarinnar.](#)


Vakin er athygli á að í tölfraði lögreglunnar er heildarfjöldi útkalla vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík meiri en hjá Reykjavíkurborg. Þennan mun má skýra fyrst og fremst vegna tveggja þátta. Annars vegar koma brotapolar í sumum tilvikum á lögreglustöðina til að tilkynna um heimilisofbeldi og þá er ekki alltaf ástæða til að fá ráðgjafa frá borginni. Einnig geta ráðgjafar ekki farið inn á heimili, ef engin börn eru þar, nema með leyfi húsráðenda. Tölfraði Reykjavíkurborgar nær yfir þau skipti sem ráðgjafar eru kallaðir til af lögreglunni af því að börn eru á heimilinu og þegar engin börn eru á staðnum en húsráðendur vilja þiggja aðstoð.



Tölulegar upplýsingar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis í Reykjavík


Mynd 1 sýnir fjölda útkalla í Reykjavík í hverjum mánuði síðustu 13 mánuði frá desember 2024 til og með desember 2025, samtals 625 útköll. Yfir jafn langt tímabil ári fyrr eða frá desember 2023 til og með desember 2024 voru útköllin 584.

Síðustu þrjá mánuði frá október 2025 til og með desember 2025 voru útköllin 143. Í sömu mánuðum ári fyrr eða frá október 2024 til og með desember voru þau 150.




Mynd 1. Fjöldi útkalla/tilkynninga í Reykjavík frá desember 2024 til og með desember 2025

Mynd 2 sýnir hlutfallslega dreifingu útkalla eftir vikudögum í desember 2025 og mynd 3 sýnir hlutfall útkalla eftir tíma sólarhrings í desember 2025.




Mynd 2. Hlutfall útkalla/tilkynninga eftir vikudögum í desember 2025




Mynd 3. Hlutfall útkalla/tilkynninga eftir tíma sólarhrings í desember 2025

Mynd 4 sýnir tengsl geranda og þolanda í útköllum í desember og mynd 5 sýnir það sama það sem liðið er af árinu 2025.



Mynd 4. Ofbeldi af hálfu hvers í desember 2025, hlutfallstölur



Mynd 5. Ofbeldi af hálfu hvers 2025, hlutfallstölur



Tölulegar upplýsingar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis 2025

Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á heimilinu og ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotþola. Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu. Tafla 1 sýnir hlutfall útkalla sem borgin fer í af þeim útköllum sem lögreglan fer í.

Tafla 1. Fjöldi útkalla lögreglu og Reykjavíkurborgar og hlutfall útkalla/tilkynninga sem starfsfólk borgarinnar fór í af útköllum lögreglunnar 2024 og 2025. Einnig er sýnt hlutfallslegt meðaltal á mánuði yfir þetta tímabil.


	Lögregla	R.borg	Hlutfall
Janúar	43	15	35
Febrúar	36	14	39
Mars	49	21	43
Apríl	35	19	54
Maí	45	14	31
Júní	45	20	44
Júlí	42	9	21
Ágúst	40	19	48
September	36	16	44
Október	44	10	23
Nóvember	48	25	52
Desember	54	20	37
Janúar	49	24	49
Febrúar	45	20	44
Mars	44	16	36
Apríl	44	20	45
Maí	49	14	29
Júní	42	19	45
Júlí	41	18	44
Ágúst	46	32	70
September	55	28	51
Október	31	20	65
Nóvember	49	20	41
Desember	60	28	47
Samtals	1.072	461	43

Gerendur

Árið 2025 hefur Reykjavíkurborg farið í 260 útköll og voru karlar gerendur í 206 tilvikum og konur í 54, sjá töflu 2 og mynd 6.

Tafla 2. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2025 eftir kyni gerenda

Mánuður	Kyn gerenda		
	Karlar	Konur	Samtals
Janúar	14	10	24
Febrúar	13	7	20
Mars	16	0	16
Apríl	19	2	21
Maí	12	2	14
Júní	17	2	19
Júlí	16	2	18
Ágúst	25	7	32
September	23	5	28
Október	17	3	20
Nóvember	13	7	20
Desember	21	7	28
Samtals	206	54	260
Fjöldi gerenda samtals	171	47	218




Mynd 6. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2025 eftir kyni gerenda

Síðustu 13 mánuði, frá desember 2024 til og með desember 2025 voru karlar gerendur í 221 tilviki og konur í 58, samtals 279 útköll, sjá fjölda útkalla á mynd 7 eftir kyni gerenda á mánuði síðustu 13 mánuðina.

Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði, ári fyrr eða frá desember 2023 til og með desember 2024 voru karlar gerendur í 183 tilvikum og konur í 46, samtals 229 útköll.

Síðustu þrjá mánuði, frá október til og með desember 2025 voru útköllin 68 og voru karlar gerendur í 51 tilviki og konur í 17.

Þessa sömu þrjá mánuði ári áður voru útköllin 56, 45 karlar voru gerendur og 11 konur.




Mynd 7. Fjöldi tilkynninga síðustu 13 mánuði eftir kyni gerenda

Brotapolar

Eins og áður segir hefur Reykjavíkurborg farið í 260 útköll á árinu. Konur voru brotapolar í 208 tilvikum og karlar í 52 tilvika, sjá töflu 3 og mynd 8. Enginn brotapolí var án kennitölu.

Tafla 3. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2025 eftir kyni brotapöla

Mánuður	Kyn brotapöla		
	Karlar	Konur	Samtals
Janúar	5	19	24
Febrúar	5	15	20
Mars	2	14	16
Apríl	4	17	21
Maí	2	12	14
Júní	4	15	19
Júlí	4	14	18
Ágúst	6	26	32
September	10	18	28
Oktober	4	16	20
Nóvember	3	17	20
Desember	3	25	28
Samtals	52	208	260
Fjöldi þolenda samtals	46	181	227




Mynd 8. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2025 eftir kyni brotaþola

Síðustu 13 mánuði frá desember 2024 til og með desember 2025 voru konur brotaþolar í 207 tilvikum en karlar í 52 tilvikum samtals 259 útköll/tilvik, sjá fjölda brotaþola eftir mánuðum og kyni á mynd 9.

Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði ári fyrr, frá desember 2023 til og með desember 2024 voru konur brotaþolar í 172 tilvikum en karlar í 57 tilvikum samtals 229 útköll/tilvik


Síðustu þrjá mánuði frá október til og með desember 2025 voru útköllin 68, þar af voru konur brotaþolar í 58 tilvikum en karlar í 10.

Í sömu mánuðum ári fyrr eða frá október til og með desember 2024 voru þau 56, þar af voru konur brotaþolar í 43 tilvikum en karlar í 13.




Mynd 9. Fjöldi útkalla/tilkynninga síðustu 13 mánuði eftir kyni brotaþola

Mynd 10 sýnir fjölda útkalla, sem Reykjavíkurborg fór í, eftir kyni og aldri brotþola 2025.




Mynd 10. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2025 eftir kyni og aldri brotþola sem Reykjavíkurborg fór í

Mynd 11 sýnir ofbeldi af hálfu hvers er um að ræða eftir kyni brotþola eða tengsl gerenda og brotþola eftir kyni brotþola. Ofbeldi barna í garð foreldris er „aldursskipt“ til að varpa aðeins skýrara ljósi á það. Annars vegar eru börn yngri en 18 ára og hins vegar eru útköll vegna barna sem beita forelda sína ofbeldi og eru 18 ára og eldri.




Mynd 11. Tengsl gerenda og brotþola eftir kyni brotþola 2025, útköll Reykjavíkurborgar

Mynd 12 sýnir fjölda brotþola eftir fjölskyldugerð 2025, sem Reykjavíkurborg fór í útkall vegna.




Mynd 12. Fjöldi brotþola eftir fjölskyldugerð 2025

Mynd 13 sýnir tegund ofbeldis eftir kyni brotþola. Andlegt ofbeldi er tilgreint í 194 tilvikum þar af eru 156 konur brotþolar og 38 karlar. Líkamlegt ofbeldi er tilgreint í 211 tilvikum þar af eru 170 konur brotþolar og 41 karl. Í 30 tilvikum var um fjárhagslegt ofbeldi að ræða og voru 26 brotþolar konur og fjórir karlar. Í 14 tilvikum var um kynferðislegt ofbeldi að ræða og voru allir brotþolar konur.




Mynd 13. Tegund ofbeldis eftir kyni brotþola 2025

Mynd 14 sýnir fjölda gerenda eftir kyni og því hvort brotþoli er með íslenskt eða erlent ríkisfang. Mynd 15 sýnir fjölda brotþola eftir kyni og hvort ríkisfang er íslenskt eða erlent.




Mynd 14. Ríkisfang gerenda 2025, íslenskt/erlent, eftir kyni




Mynd 15. Ríkisfang brotþola, íslenskt/erlent, eftir kyni 2025

Mynd 16 sýnir fjölda fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni. Fjórar fatlaðar konur voru gerendur og þrír karlar.

Mynd 17 sýnir fjölda fatlaðra og ófatlaðra brotþola eftir kyni. Fjórar fatlaðar konur voru brotþolar og einn karl. Þessar tölur byggja á mati í útkalli, á því hvort brotþoli og gerendur séu með fötlun eða ekki. Það má ætla að fleiri brotþolar og gerendur séu með fötlun en fram kemur í þessum tölum.




Mynd 16. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni 2025




Mynd 17. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra brotþola eftir kyni 2025

Börn voru á vettvangi í 51% útkalla 2025, sjá mynd 18 og börn voru í 60% tilvika með lögheimili á vettvangi, sjá mynd 19.




Mynd 18. Hlutfall þeirra útkalla þegar börn voru/voru ekki á vettvangi 2025




Mynd 19. Hlutfall þeirra útkalla þegar börn voru/voru ekki með lögheimili á vettvangi 2025

Að höfðu samráði við hagsmunasamtök hinsegin fólks er nú skráð hvort gerandi og brotþoli séu hinsegin. Mynd 20 sýnir hlutfall gerenda sem eru hinsegin í útköllum 2025 og mynd 21 sýnir hlutfall brotþola sem eru hinsegin.



Mynd 20. Hlutfall gerenda sem eru hinsegin 2025



Mynd 21. Hlutfall brotþola sem eru hinsegin 2025